

AUGLÝSING

um refsiaðgerðir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1054(1996) um refsiaðgerðir gegn Súdan.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1054(1996), dags. 26. apríl 1996, um refsiaðgerðir gegn Súdan og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

Öllum aðilum í ríkisstjórn Súdans, embættismönnum og hermönnum þar í landi er óheimilt að koma til Íslands eða fara um íslenskt yfirráðasvæði.

Hver sá, sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 8. júlí 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.